



Reykjavík, 27. október 2023  
IER23100033  
HS/AG/KHV

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík

### Erindisbréf fyrir fagsvið ráðgjafar – endurskoðun 2023

Í 6. lið erindisbréfs fyrir fagsvið ráðgjafar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar er kveðið á um að erindisbréfið skuli yfirfarið árlega af innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar og lagt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til samþykktar, með það fyrir augum að meta hvort tilgangur, heimildir og ábyrgð séu fullnægjandi til þess að markmiðum með starfsemi fagsviðs ráðgjafar sé náð. Núgildandi erindisbréf fyrir fagsvið ráðgjafar var samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar þann 24. október 2022.

Meðfylgjandi eru drög að breyttu orðalagi á erindisbréfi fyrir fagsvið ráðgjafar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar til athugasemda eða samþykkis. Um er að ræða orðalagsbreytingar en ekki efnisbreytingar þar sem talið er að breytt orðalag geri innihald erindisbréfsins skýrara en áður. Verði tillögur að breytingum samþykktar, fellur núgildandi erindisbréf úr gildi.

Hallur Símonarson  
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Agnes Guðjónsdóttir  
fagstjóri ráðgjafar og ráðgjafi borgarbúa